

Skólaráðsfundur 9.feb 2012 kl. 15.

Fundur settur kl. 15:10

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri, Helga Guðjónsdóttir varamaður fulltrúa starfsmanna, Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins, Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara, Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra og Hlynur Ómarsson fulltrúi nemenda.

Dagskrá:

1. Umbótaáætlanir

Rennt yfir þau atriði sem ekki komu nógu vel út í könnunum sl. vor (foreldra, nemenda og kennara) og hvaða hugmyndir til lausnar séu í þeim málum.

2. Skóladagatal næsta vetrar – foreldrakönnun

Könnun verður send til foreldra, eftir helgi, varðandi hugmyndir þeirra og sýn um vetrarfrí fyrir næsta skólaár. Hugmyndir af dagatölum með og án vetrarfrí sýnd.

3. Möguleiki skóla til að bjóða hafragraut á morgnana

Minnisblað fræðslunefndar um ókeypis eða keyptan hafragraut á morgnana. fyrir nemendur rætt. Sumum finnst að það eigi að rukka fyrir þetta og festa í áskrift eða bjóða upp á fjölbreyttari morgunverðarhlaðborð. Framkvæmd hér mjög erfið vegna þrengsla í eldhúsi og í sal. Kostnaður sem þessi fylgir er minnstur í hafragrjónunum sjálfum heldur í auknu mannahaldi og þrifum.

4. Skákkennsla – tilboð skóla

Ingibjörg Rósa kennari við skólann og skákáhugamanneskja ætlar að bjóða upp á námskeið sem munu kosta eitthvað lágmarksgjald.

5. Fjölgun nemenda næsta vetur – nýting húsnæðis

Nemendum mun fjölga við skólann næsta ár. Stofur vantar, sérgreinastofur og íþróttahús eru orðin fullbókuð. Hugmynd kastað fram um að skipta á stofuendum á milli yngstu og elstu deildar. Kostir og gallar ræddir.

Kostir: umferð við austurenda minnkar, styttra að ganga inn í skólann fyrir yngstu, frístundaselið farið að nota útihúsin og því styttra að fara.

Galli: hægt að loka elsta stigið af í sér álmu (sem sumir sjá reyndar sem kost), færa þyrfti skápar, lengra í Bólið að fyrir elstu.

6. Aðstaða til íþróttakennslu unglinga

Fulltrúa nemandá fannst betra þegar tvöfalduur tími var heldur en einfalduur tími að Varmá. Flestir vilja hafa alla íþróttatímana hér, kennsla fer þá lengra fram á daginn til ca. kl 17. Hugmyndir eins og að hafa annað árið 2 sundtíma og 1 íþróttatíma og svo næsta ár 2 sundtíma og 1 íþróttatíma rædd. Skólastjóri vill helst hafa 2 íþróttatíma á viku ekki einn langan. Stilla þarf upp stundaskrá til að sjá hvernig þetta rúmast innan dagsins. Kynjaskipting í sunni á unglingsstigi mikill kostur.

7. Önnur mál

-Hreiðari falið að setja upp ályktun sem senda á til fræðslunefndar vegna strætó rúttunnar er orðin gömul og þreytt. Biðja um nýrri og betri.

-Komin upp hljóðeinangrun í matsal.

-Eignasjóður hefur brugðist hratt og vel við óskum skólastjóra.

Næsti fundur 8 mars. kl. 15.

Fundi slitið kl. 16:15

Fundarritari Ásta Steina.